
117. Vilhjálmur Árnason (Replik)

Þingforseti og ráðherrar. Kæru félagar. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu hér í dag. Þetta málefni, hreyfanleiki og að ryðja stjórnsluhindrunum úr vegi, ásamt því að gæta þess að nýjar komi ekki upp, er eitt meginhlutverk og markmið norrænnar samvinnu. Takist okkur vel til tryggjum við borgurum okkar aukið frelsi, aukin gæði og stækkum Norðurlöndin sem eina stóra heild með öfluga rödd. Það er það sem unga fólkið er að kalla eftir.

Þær áskoranir sem við ræðum um í sjálfbærnisnefndinni, loftslagsmálin, umhverfismálin og sjálfbær þróun sem dæmi, eru það stór mál að við verðum að taka sameiginlega á þeim og þá þurfa frumkvöðlarnir, vísindafólkið og atvinnulífið að komast óhindrað á milli landa með lausnirnar, þekkinguna og aðgerðirnar. Því vil ég spyrja hvernig samstarfsráðherrarnir ætla að tryggja og fylgja eftir áformum sínum um aukna löggjafarsamvinnu, samráð við innleiðingu ESB-gerða og draga verulega úr stjórnsluhindrunum. Sú vinna má ekki einungis vera fögur orð á blaði.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president och ministrar. Kära vänner. Jag skulle vilja börja med att tacka för debatten här i dag. Den här frågan, mobilitet och undanröjandet av gränshinder, samt att se till att nya gränshinder inte skapas, är bland det nordiska samarbetets viktigaste uppgifter och målsättningar. Genom att lyckas med den kan vi säkra medborgarna ökad frihet och [bättre livsvillkor](#) och bidra till att stärka Nordens ställning som en enhet med en mäktig röst. Det är detta som dagens ungdom efterfrågar.

De utmaningar som vi diskuterar i hållbarhetsutskottet, som till exempel klimatfrågorna, miljöfrågorna och hållbar utveckling, är av den storleken att vi måste ta itu med dem gemensamt, och då måste entreprenörer, forskare och företagare ha möjligheten att fritt röra sig mellan länderna med sina lösningar, kunskaper och initiativ. Jag skulle därför vilja fråga hur samarbetsministrarna tänker gå till väga för att säkerställa och följa upp planerna om ökat samarbete inom justitiesektorn, samordning när det gäller införlivande av EU-rättsakter och en kraftig insats för att motarbeta gränshinder. Det arbetet får inte begränsas till vackra ord på ett papper.

Upplýsingar

Ræðunúmer

117

Gerð

Replik

Notandi

[Vilhjálmur Árnason](#)

Speaker role

Konservative gruppe

Dagsetning

31.10.18 10:33

Mál

[Samarbetsministrarnas redogörelse om mobilitet och gränshinder
\(Dokument 7/2018\)](#)